

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1564****2019/EES/31/17****frá 17. október 2018****um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jörturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfarugrísu og eldissvínu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Blanda með dólómítmagnesíti, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, var áður leyfð til 10 ára sem fôður-aukefni fyrir mjólkurkúr og önnur jörturdýr til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfarugrísu og eldissvínu með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1964 <sup>(2)</sup>.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 17. apríl 2018 <sup>(3)</sup> og 25. janúar 2017 <sup>(4)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með dólómítmagnesíti ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að hún sé áhrifarík sem kekkjavarnarefni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á blöndu með dólómítmagnesíti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „kekkjavarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1964 frá 9. nóvember 2016 um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti fyrir mjólkurkúr og önnur jörturdýr til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfarugrísu og eldissvínu og blöndu með montmórellónítillíti fyrir allar dýrategundir sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 303, 10.11.2016, bls. 7).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5272.

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4711.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
<b>Tæknileg aukefni: kekkjavarnarefni</b>								
1g598	Dólómít- magnesít	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með náttúrulegri blöndu af: Dólómíti og magnesíti <math>\geq 40\%</math> (með lágmarksinnihald: karbónöt 24%).</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Dólómít CAS-númer 16389-88-1 (CaMg)(CO<sub>3</sub>)<sub>2</sub> Magnesít CAS-númer 546-93-0 MgCO<sub>3</sub> Talkúm (vötnuð magnesíumsílfköt) CAS-númer 14807-96-6 Mg<sub>3</sub>Si<sub>4</sub>O<sub>10</sub>(OH)<sub>2</sub> Talkúm <math>\geq 35\%</math> Klórít (álmagnesíum) CAS-númer 1318-59-8 (Mg,Fe,Al)<sub>6</sub>(Si, Al)<sub>4</sub>O<sub>10</sub>(OH)<sub>8</sub> Járn (í uppbyggingu) 6% (meðaltal) Klórít <math>\geq 16\%</math> Laust við kvars og asbest</p>	Allar tegundir og flokkar að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jörturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráferugrísnum og eldissvínnum	—	5 000	20 000	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Á merkimiða aukefnis og forblandna sem innihalda það skal tilgreina eftirfarandi: „Aukefnið dólómít-magnesít er auðugt af (óvirku) járn“.</li> <li>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fýðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.</li> </ol>	8. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		<i>Greiningaraðferð</i> <sup>(1)</sup> Lýsing á eiginleikum fóðurukefnisins: — Röntgenbylgjubogunargreining (XRD) með — frumeindagleypnimælingu (AAS)						

<sup>(1)</sup> Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>